

HLUTHAFAFUNDUR

VERÐUR HALDINN 12. OKTÓBER 2023

Stjórn Regins hf. („Reginn“ eða „félagið“) boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður á The Reykjavík EDITION, Bryggjugötu 8, 101 Reykjavík, fimmtudaginn 12. október næstkomandi klukkan 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutfjár til að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé í Eik fasteignafélagi hf.

Stjórn Regins leggur til breytingar á 2. mgr. 4. gr. samþykktta félagsins þess efnis að núgildandi heimild til handa stjórn félagsins til þess að hækka hlutfé félagsins til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé í Eik fasteignafélag hf. falli brott og þess í stað bætist við 4. gr. ný heimild til handa stjórn félagsins til þess að auka hlutfé þess um allt að kr. 1.670.351.049 að nafnverði til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé í Eik fasteignafélagi hf. Áskriftargengi hinna nýju hluta skal vera í samræmi við skilmála valfrjálsa yfirtökutilboðsins. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutfjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktunum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórn félagsins er enn fremur heimilt að breyta samþykktunum í samræmi við það sem leiðir af hlutfjárhækkun. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimildin skal gilda í tólf mánuði frá samþykkt.

2. Önnur mál, löglega fram borin.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá samkvæmt hluthafakerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu hluthafafundar á netfangið fjarfestatengsl@reginn.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á hluthafafund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboðið með tilliti til gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en ein vika er til fundarins. Mikilvægt er að tillögur berist með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, en eigi síðar en 10 dögum fyrir hluthafafund, eða kl. 16:00 þann 2. október 2023. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið fjarfestatengsl@reginn.is.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Gögn vegna fundarins verða aðgengileg á skrifstofu félagsins og á vefsvæði tengdu hluthafafundi á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur, en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar að minnsta kosti einni viku fyrir hluthafafund, sbr. 18. gr. samþykktta félagsins. Hluthafafundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 20. september 2023.
Stjórn Regins hf.